

Skýr fyrirmæli

Gefa barninu skýr fyrirmæli um hvað á að gera, taka verður mið af aldri og þroska barnins. Barnið fær viðbragðsfrest (ca 10 sek) ef þarf eru fyrirmælin endurtekin og aftur gefinn viðbragsfrestur (ca 10 sek). Við þriðju ítrekun er barnið aðstoðað við að fylgja fyrirmælunum.

Ekki gefa val ef það er ekki í boði t.d viltu fara út? ef ætlast er til að barnið fari út.

Látum vita hvað má og forðumst „Ekki „setningar.

Leiðir kennara til að auka sjálfstæði og þroska barnanna

Hrós og hvatning, hlýtt viðmót, skýr fyrirmæli, sjónrænt skipulag, ART kennsluefni. Virk hlustun er virðing við börn, finna út hvað er að því grátur er tjáningaleið ungra barna og hefur einhverja ástæðu. Neikvætt er að tala um frekju. Gera raunhæfar kröfur til hvers og eins.

Þjóðum val þegar kostur er á.

Orðin okkar

Get ég aðstoðað ?

Viltu hjálp ?

Gleymdir þú þér ?

Ertu að ruglast vinur/vinkona

Það gengur betur næst

Reyndu fyrst sjálf/ur svo hjálpa ég þér

Gott þú reyndir

Komdu vinkona/vinur

Gaman að sjá þig vinur/vinkona

Nú er gott að stoppa og hugsa

Skiptast á—leika saman

Verum vinir

Gott að þú stjórnaðir þér

Allir ruglast einhvern tímann

Vá dugleg/ur að

Þú stendur þig vel

Þú ert snillingur



Agastefna Hulduheima

-Leiðir að betri líðan-



Eitt helsta hlutverk okkar á Hulduheimum er að efla félagsþroska barna. Góð félagsfærni er sterkur grunnur sem við viljum gefa börnum út í lífið. Í því felst m.a. að tjá sig, setja sjálfum sér og öðrum mörk. Leiðir okkar til að ýta undir jákvæða hegðun er meðal annars myndrænt skipulag, skýr fyrirmæli, boðskiptafærni Bínu, félagsfærnisögur, ART, hvatning og hrós. Gott samstarf heimilis og skóla er grundvallaratriði.

Verum góð fyrirmynd í orði og verki.

Leikskólinn Hulduheimar

Erlurima 1 | 800 Selfoss 480 3280

Netfang: hulduheimar@arborg.is

Af hverju agastefna ?

Skapferli og þroski allra barna er mismunandi. Enginn er eins og allir hafa sína styrkleika og veikleika.

Hegðun er lærð hvort sem hún telst rétt eða röng. Agastefna er verkfæri til að styrkja kennara í starfi dag frá degi með samræmdu verklagi.

Börn á leikskólaaldri eru að læra samskipti og þurfa að æfa sig oft og í mörgum aðstæðum.

Börn eru mislengi að læra og við verðum að gefa þeim þann tíma sem þau þurfa, Einstaklingar læra ekki á sama hraða.

Allir eru góðir í einhverju enginn er góður í öllu.

Æfingin skapar meistarann.



Agastefna Hulduheima snýst um

- ◆ Að borin sé virðing fyrir börnum og samstarfsfólki
- ◆ Að fyrirbyggja erfiða hegðun
- ◆ Að við séum samtaka og samstíga að þjálfva jákvæða hegðun
- ◆ Að auka sjálfsöryggi barna og starfsfólks
- ◆ Að allir viti til hvers er ætlast af þeim
- ◆ Að við skiljum ástæðuna á bak við hegðunina hverju sinni
- ◆ Að nýta daglegar athafnir til kennslu
- ◆ Að samræma viðbrögð við erfiðri hegðun
- ◆ Að börnin séu hvött til að sýna samkennd
- ◆ Að börnin fái að byrja með hreint borð þegar óæskilegri hegðun er hætt
- ◆ Að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel



Leiðir til árangurs

- ◆ Tökum eftir því jákvæða í leik og starfi barnanna. Verum óhrædd við að hvetja og hrósa.
- ◆ Þegar börn sýna óæskilega hegðun er mikilvægt að skilja ástæðuna að baki. Alltaf þarf að taka mið af færni og þroska barnanna.
- ◆ Reynum að ræða við barnið og fá það til að útskýra hvað gekk á og af hverju og reyna að finna út hvað hefði mátt gera betur.
- ◆ Kennari verður að vera til staðar með barnahópnum. Ef upp koma vandamál getur hann gripið inn í og leiðbeint áður en til óæskilegrar hegðunar kemur.
- ◆ Gott getur verið að bjóða barninu að koma úr aðstæðum sem þau ráða ekki við. Koma frá og bjóða þeim önnur verkefni t.d að koma fram með kennara og lesa, lita eða leika með öðrum.